

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 7. desember 2018
UST201812-005/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting – Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps - Áshildarmýri

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 3. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að aðalskipulagsbreytingu á landnotkun í Áshildarmýri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í greinargerð kemur fram landnotkun verður breytt á ofangreindu svæði úr frístundasvæði í íbúðarsvæði fyrir allt að 20 lóðir á allt að 25 ha svæði.

Lög um náttúruvernd

Í greinargerð kemur fram að landið er gróið og fremur flátt og mosavaxið hraun er víða í og við yfirborð. Einnig kemur fram að landið sé að hluta til ræktað en óræktað land hefur verið nýtt til landbúnaðar og útivistar.

Umhverfisstofnun telur að svæðið sem hér er til umfjöllunar falli undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Það er mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt er að það komi fram í tillögunni nánari lýsing á svæðinu og verndargildi þess. Einnig telur stofnunnin að mikilvægt sé að það komi fram hvort jarðminjar séu á svæðinu sem mikilvægt sé að vernda.

Stofnunnin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri





framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Íbúðarsvæði utan þéttbýlis

Í greinargerð kemur fram að ástæða breytinganna er sú að á undanförunum árum hefur það færst í vöxt að eigendur frístundahúsa hafa óskað eftir því að hafa fasta búsetu í þeim. Að mati Umhverfisstofnunar er það heillvænlegar að uppbygging íbúðarhúsnæðis sé í þéttbýliskjörnum og íbúðarsvæðum sem nú þegar hafa verið skilgreind í sveitarfélaginu í stað þess að staðsetja nýjar íbúðarbyggðir á grónu og ræktuðu landi víðsvegar um sveitarfélagið. Þá er verið, að mati stofnunarinnar að taka mið af kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

Virðingarfyllt


Axel Benediktsson
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur